

Miðvikudaginn 25. janúar 1939.

Kærumálið nr. 1/1939. Ungmennafélag Langnesinga
gegn

Skólanefnd Sauðanesskólahéraðs

Um staðfestingu vitnaskýrslna.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu skýtur kærandi til hæstaréttar úrskurði aukaréttar Þingeyjarsýslu frá 21. okt. f. á. samkvæmt bókun sinni í þingbók s. d. Kröfur eða greinargerð með kæru þessari, er barst hæstarétti þann 11. jan. 1939, fylgdu ekki málinu, en eftir því, er ráða má af skjölum málsins, virðist hann kæra úrskurðinn í því skyni, að hann verði með öllu felldur úr gildi.

Haustið 1936 tók kærði á leigu skólahúsnaði í samkomuhúsi kæranda, að því er kærandi telur, til 5 ára og fyrir 330 króna ársleigu. Þann 14. jan. 1938 sagði kærði upp húsnaðinu. Uppsögn þessa taldi kærandi óréttmæta og höfðaði því mál þetta til heimtu bóta vegna uppsagnar þessarar. Aðilja skilur á um atvik í sambandi við uppsögn húsnaðisins, er kærði telur réttlæta hana.

Meðal vitna, er krafín voru skýrslu um atvik þessi, voru þeir Jónas Sigurðsson og Magnús Hlíðdal Magnússon. Var því mótmælt, að vitni þessi væru látin staðfesta skýrslur sínar fyrir dómi. Þótt þau standi í því sambandi við ungmennafélagið og formann þess, sem í hinum áfrýjaða úrskurði greinir, þá verður ekki talið, að þau séu svo við mál eða málsaðilja riðin, að úrslit þess valdi þeim eða honum því fjárhagstjóni, óhagræði eða siðferðilegum

hnekki, sbr. 1. málsg. 2. tölul. 125. gr. laga nr. 85/1936 sbr. við 1. tölul. 2. málsg. 127. gr. sömu laga, að ekki megi veita þeim kost á að staðfesta skýrslur sínar fyrir dómi. Ber því að fella úrskurð héraðsdómarans úr gildi um þessi vitni.

Þá hefir því verið mótmælt, að vitnin Ingimar Baldvinsson og Sigmar Valdimarsson yrðu látin staðfesta vitnaskýrslur sínar fyrir dómi, með því að þær fari í bága við skýrslur annara vitna, er fús séu til að staðfesta sínar skýrslur. Þessa ástæðu er ekki unnt að taka til greina, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð um þessi vitni.

Um meðferð héraðsdómsins á kærumáli þessu athugast:

1. Héraðsdómarinn hefir tekið eftirrit af málinu öllu, einnig því, sem í því gerðist eftir bókun kærurkröfunnar, í stað þess að taka aðeins eftirrit af því, „sem skjöl málsins og þingbækur greina um kærufnið“, eins og mælt er í 1. málsg. 199. gr. laga nr. 85/1936. Veldur þessi ranga afgreiðsla dómurum hæstaréttar, sem ber að afgreiða kærumál sérstaklega fljótt, miklu og þarflausu erfiði. Auk þess hefir héraðsdómarinn sent eftirrit á lausum blöðum, í stað venjulegrar afgreiðslu slíkra skjala.

2. Hefir héraðsdómarinn vanrækt að leiðbeina kæranda, sem er ólöglærður maður, um kröfur og greinargerð með kærinni. Hefir því orðið að leita að því og álykta eftir líkum, í hvaða skyni kært hafi verið.

3. Héraðsdómarinn hefir ekki afgreitt málið frá sér fyrr en 31. des. 1938, eða 2 mánuðum og 10 dögum eftir bókun kærubeiðninnar. Þessi langi dráttur, sem er brýnt brot á ákvæðum 1. málsg. 199. gr. laga nr. 85/1936, hefir ekki verið réttlættur,

og verður að víta héraðsdómarann harðlega fyrir hann.

Málkostnaður fyrir hæstarétti fellur niður, með því að krafa í þá átt hefir ekki verið gerð.

Því dæmist rétt vera:

Niðurstaða héraðsúrskurðarins um vitnin Ingimar Baldvinsson og Sigmar Valdimarsson á að vera óröskuð. Héraðsdómaranum ber að veita vitnunum Jónasi Sigurðssyni og Magnúsi Hlíðdal Magnússyni kost á að staðfesta vitna-skýrslur sínar í máli þessu fyrir dómi.

Málkostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður aukaréttar Þingeyjarsýslu 21. okt. 1938.

Eins og fram hefir komið í vitnaframburðum Ingimars Baldvinssonar og Sigmars Valdimarssonar annarsvegar og Jónasar Sigurðssonar og Magnúsar Hlíðdal Magnússonar hinsvegar og með samprófun þessara vitna í rétti í dag, greinir þau í milli um það atriði, sem skiptir máli fyrir úrslit þessa máls, hvort Sigurður Jónsson formaður U. M. F. L. hafi greint ástæður fyrir því, er hann að kvöldi dags 13. jan. síðastl. synjaði Guðmundi Vilhjálmssyni formanni skólanefndar Sauðanesskólahéraðs um lykil að samkomuhúsi U. M. F. L. eður eigi.

Vitnin Ingimar Baldvinsson og Sigmar Valdimarsson bera það ótvírætt og samhljóða, að hann „harðneitaði því, án þess að greina ástæður“, og þar sem þessi vitni hafa verið hiklaus í framburði sínum, þar sem þau ekki eru við málið eða aðilja málsins riðin og aðiljar ekki venzlamenn þeirra, en hinsvegar ástæða til þess að ætla, að þau hafi sett sérlega vel á sig það, sem fram fór á holtinu þann 13. jan. síðastl. milli formanns skólanefndar og formanns U. M. F. L., og vandlega tekið eftir, hvað þeir sögðu þarna hvor við annan, þar sem þau fara þangað sem vitni, verður ekki hægt samkvæmt 127. gr. laga nr. 85 1936 um meðferð einkamála í héraði að synja þessum vitnum um staðfestingu

á vitnaframburðum þeirra í máli þessu í réttinum í gær og í dag.

Hinsvegar verður að fallast á það, að ekki sé hægt samkvæmt sömu lagagrein að leyfa vitnunum Jónasi Sigurðssyni og Magnúsi Hliðdal Magnússyni að staðfesta framburði sína í réttinum í dag, að svo miklu leyti, sem þeir koma í bága við framburði Ingimars og Sigmars, þar sem Jónas Sigurðsson er bæði viðriðinn aðilja U. M. F. L. sem félagi og venzlamaður formanns U. M. F. L. og Magnús Hliðdal Magnússon er viðriðinn aðilja U. M. F. L. sem félagi og starfsmaður, og auk þess framburður þessa vitnis óglöggur einmitt um það atriði, sem hér skiptir máli.

Því úrskurðast:

Vitnunum Ingimar Baldvinssyni og Sigmar Valdimarssyni skal heimilt að staðfesta vitnaframburði sína í máli þessu.

Vitnunum Jónasi Sigurðssyni og Magnúsi Hliðdal Magnússyni skal synjað um að staðfesta vitnaframburði sína í máli þessu, að svo miklu leyti, sem þeir eru í ósamræmi við vitnaframburði Ingimars Baldvinssonar og Sigmars Valdimarssonar.

Miðvikudaginn 25. janúar 1939.

Nr. 53/1937. Jóhann Þorsteinsson

(Gunnar Þorsteinsson)

gegn

**bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. bæjar-
sjóðs** (Einar B. Guðmundsson).

**Krafa um skaðabætur vegna ólögmatrar sviptingar
á tilteknum atvinnurekstri.**

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir samkvæmt áfrýjunarleyfi skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. maí 1937.